



FÍSOS

ÁRSSKÝRSLA 2019-2020

Helga Maureen Gylfadóttir, formaður
Reykjavík, 6. desember 2020



Ársskýrsla FÍSOS 2019 – 2020

Helga Maureen Gylfadóttir

Stjórn – Verkskipting, fundir og almenn umsýsla

Síðasti aðalfundur FÍSOS var haldinn 2. október 2019 kl. 17.00 í *Skjaldborgarbíó*, Aðalstræti 27, 450 Patreksfirði. Þar var kjörin ný stjórn og skipti stjórn með sér hlutverkum á fyrsta fundi sínum. Helga Maureen Gylfadóttir var kjörin formaður, Gunnþóra Halldórsdóttir varaformaður, Jón Allansson gjaldkeri, Ingibjörg Áskelsdóttir ritari og Ásdís Þórhallsdóttir meðstjórnandi. Sigríður Þorgeirsdóttir og Hjörtur Þorbjörnsson voru kjörin sem varamenn. Ákveðið var að varamenn sækja fundi stjórnar.

Stjórnin fundaði sjö sinnum á starfsárinu. Auk hefðbundinna funda hafa stjórnarmenn tekið að sér hin ýmsu verkefni og leyst þau ýmist í samráði við aðra FÍSOS féлага eða á eigin vegum. Þá hafa verið samskipti með tölvupósti og ýmis mál rædd og leyst með þeim hætti.

Eins og öll félög á landinu þá þurfti FÍSOS að gera grein fyrir hverjir væru raunverulegir eigendur félagsins og senda staðfest skjöl þess efnis á stjórnartímabilinu. Þegar breytingar verða á stjórn félagsins þá þarf að uppfæra þann lista hjá Ríkisskattstjóra. Þá var einnig leiðrétt áratuga röng skráning á félaginu í Fyrirtækjaskrá.

Stjórn FÍSOS lét hreinsa upp kennimerki félagsins og útbúa stafrænt afrit af því í nokkrum stærðum bæði á íslensku og ensku. Þá var útbúið bréfsfni og nafnspjald á íslensku og ensku.

Þá tók formaður þátt í rýnihópavinna fyrir stefnumörkun safnaráðs um safnastarf fyrir hönd félagsins í mars 2020.

Á aðalfundi félagsins 2019 kom fram ósk frá félagsmönnum að láta setja upp ársreikning félagsins með aðstoð bókhaldsfyrirtækis. Gjaldkeri félagsins tók það verk að sér og eru reikningar félagsins lagðir fram á aðalfundi 2020 með aðstoð bókhaldsfyrirtækis.

Sökum samkomutakmarkana í október 2020 var ekki hægt að halda aðalfund félagsins þann 8. október eins ráðgert var. Blásið verður til aðalfundar um leið og aðstæður leyfa og verður boðað til hans eins og lög félagsins gera ráð fyrir, þ.e.a.s. með tveggja vikna fyrirvara, í tölvupósti til félagsmanna og á heimasíðu félagsins. Í nóvember 2020 ákvað stjórn að efna til aðalfundar 9. desember 2020 kl. 11 en eingöngu í fjarfundabúnaði.

Seta í ráðum og nefndum

Safnaráð

Stjórn *FÍSOS* ákvað á fundi sínum **20. október 2016** sl. að tilnefna Gunnþóru Halldórsdóttur og Harald Þór Egilsson sem fulltrúa *FÍSOS* í safnaráð frá og með **1. janúar 2017 til 31. desember 2020**. Haraldur Þór og Gunnþóra sóttu fundi ráðsins á starfsárinu líkt og skipunarbréf geri ráð fyrir.

Húsafriðunarnefnd

Þann **13. janúar 2017** tilnefndi Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS), Íslandsdeild Alþjóðráðs safna (ICOM) og *FÍSOS* eftirfarandi fulltrúa í húsafriðunarnefnd: Helgu Maureen Gylfadóttir og Jón Sigurpálsson. Helga Maureen sótti fundi nefndarinnar starfsárið 2019-2020.

Rannsóknasetur í safnafræði

Stjórn *FÍSOS* skipaði á fundi sínum **20. október 2016** Ingibjörgu Áskelsdóttur sem aðalfulltrúa og Lindu Ásdísardóttur sem varafulltrúa í stjórn Rannsóknaseturs í safnafræðum. Á árinu 2020 var haldinn einn fjárfundur.

Íslenska söguþingið 2021 – fulltrúi *FÍSOS* í þingstjórn

Í október 2019 óskað undirbúningsnefnd fyrir íslenska söguþingið sem halda skal 2021 eftir fulltrúa *FÍSOS* í þingstjórn. Stjórn *FÍSOS* skipaði Ágústu Kristófersdóttur, sagnfræðing og forstöðumann Hafnarborgar sem fulltrúa *FÍSOS* í þingstjórn.

Farskólinn – Árlegt landsþing *FÍSOS*

Farskóli *FÍSOS* hefur verið haldinn á hverju ári síðan 1989. Farskólinn er mikilvægur vettvangur endurmenntunar og samstarfs meðal íslenskra safna. Á hverju hausti hittast safnmenn, bera saman bækur sínar, skoða hvað er verið að gera á landinu í safnamálum og styrkja sín tengslanet. Farskólinn hefur vaxið og dafnað þessi 31 ár en grunnstefið er enn endurmenntun félagsmanna. Ekki má gleyma að maður er manns gaman og þessi árlegu fundir hafa eflt kynnin og skapað góðan félagsanda.

Farskólinn árið 2019 var á Patreksfirði. Stjórn *FÍSOS* færir farskólastjórn 2019 bestu þakkir fyrir vel heppnaðann, fróðlegan og faglegan farskóla *FÍSOS* á Patreksfirði 2019. Skýrslu farskólastjórnar er að finna á heimasíðu félagsins.

Farskóli ársins 2020 átti upphaflega að halda í Vestmannaeyjum 23. til 25. september sl. og var undirbúningur hans hafinn þegar Covid-19 hóf að valda usla hér á landi í mars. Eftir að fyrstu bylgju faraldsins lauk nú í vor var ákveðið að halda undirbúningi hans áfram en í ágúst var ákveðið að aflýsa honum vegna hertra aðgerða Almannavarna vikunnar þar á undan. Stjórn *FÍSOS* taldi það skyldu sína, líkt og allra landsmanna, að virða samfélagssáttmálann og

sýna samfélagslega ábyrgð í verki og í því ljósi var farskólanum aflýst árið 2020. Stjórn FÍSOS þakkar Herði Baldvinssyni, forstöðumanni Sagnheima, fyrir góðan undirbúning fyrir farskólann en félagið fær að eiga hans góða heimboð inni. Stjórn FÍSOS ákvað þá að grípa til mótvægisáðgerða og fól Bergsveini Þórssyni, Ingibjörgu Áskeldóttur og Helgu Maureen Gylfadóttur að undirbúa **FJARskóla 2020**.

FJARskólastjórn 2020 setti saman átta rafrænar málstofur og fór sú fyrsta í loftið 23. september sl.. **FJARskólinn** var unninn í samstarfi við safnafræði við Háskóla Íslands og hlaut einnig styrk úr safnasjóði. Umsjónarmaður með fyrirlestraröðinni var Dr. Bergsveinn Þórsson við háskólann í Osló ásamt Ingibjörgu Áskeldóttur og Helgu Maureen Gylfadóttur. Málstofurnar fóru fram í gegnum fjarfundarbúnaðinn ZOOM og voru þær teknar upp. Þær verða svo aðgengilegir á heimasíðu félagsins er fram líða stundir. Hver og einn málstofa var auglýst sem viðburður á fésbókinni en einnig var sendur tölvupóstur til félagsmanna og vakinn athygli á viðburðinum. Skráning var nauðsynlega til að fá aðgang að málstofunni. Þátttaka var afar góð og sóttu þegar hæst stóð um 90 félagsmenn eina málstofuna.

Stjórn FÍSOS þakkar **FJARskólastjórn** kærlega fyrir þeirra vinnu við undirbúning og framkvæmd **FJARskóla 2020**. Þessi tilraun sýnir vel að félagið getur með góðu móti nýtt sér fjarfundarbúnað enn frekar í starfi og náð enn betur til félagsmanna um land allt.

Dagskrá FJARskóla 2020

23. september kl. 11:00

Sjálfbærni fyrir menningararf / The CHGs: Sustainability for Cultural Heritage

Caitlin Southwick, stofnandi Ki Culture mun halda fyrirlestur um sjálfbærni fyrir menningararf. Caitlin er menntaður forvörður en hefur undanfarin ár sérhæft sig í sjálfbærni fyrir söfn og menningarstofnanir í starfi, fræðslu og miðlun. Fyrirlesturinn mun fara fram á ensku. Nánari lýsing:

Sustainability is something that we are all aware of and understand that imminent action is necessary. However, it can seem intangible, inaccessible and often overwhelming. So how does sustainability relate to our field? What can we do?

As the cultural heritage sector, we have a unique opportunity to support the United Nations Sustainable Development Goals and Agenda 2030 through our physical collections, educational programming, influential and trusted position, and our capacity to inspire empathy, understanding and drive real change. The Culture & Heritage Goals outline what sustainability means for cultural heritage and how we can engage – helping to achieve a sustainable future.

30. september kl. 11:00

Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?

Málstofa um samstarfsverkefnið *Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?* sem tilnefnt var til íslensku safnaverðlaunanna 2020. Í málstofunni munu Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri Minjasafns Austurlands, og Elfa Hlín Pétursdóttir, sérfræðingur hjá Austurbrú, munu segja frá verkefninu og ræða ýmsar hliðar þess í tengslum við sjálfbærni.

7. október kl. 11:00

Skráning náttúruminja í Sarp hjá Náttúruminjasafni Íslands

Þóra Katrín Hrafnisdóttir, sem fer með umsjón safnkosts og rannsókna á Náttúruminjasafni Íslands mun kynna undirbúningsvinnu safnsins við skráningu náttúruminja í Sarp. Pallborðsumræður munu síðan eiga sér stað. Í pallborði sitja, Guðrún Jónsdóttir, safnstjóri Safnahúsa Borgarfjarðar, Finnur Ingimarsson, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs, og Dr. Arndís Bergsdóttir, safnafræðingur.

14. október kl. 11:00

Söfnin í takt – stefnumörkun safnaráðs um safnastarf

Eitt af meginhlutverkum safnaráðs samkvæmt safnalögum er stefnumörkun um safnastarf sem skal unnin í samstarfi við höfuðsöfnin. Safnaráð og höfuðsöfnin hafa unnið að stefnumörkuninni síðasta árið undir dyggri stjórn *Sjá ráðgjafar* í góðu samstarfi við hagaðila í safnastarfi. Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs og Jóhanna Símonardóttir frá *Sjá ráðgjöf* munu segja frá verkefninu og þær megináherslur sem komu fram í vinnunni. Í framhaldinu verða umræður um nokkur viðfangsefni sem voru þátttakendum í samráðsferlinu ofarlega í huga. Þau viðfangsefni eru: *Samvinna, Menntunarhlutverk, Framtíðin*.

21. október kl. 11:00

Hamingja hversdagsins

Hvað þarf ég til þess að láta mér líða betur, hvar er hamingjan í mínu lífi og hvað segja rannsóknir? Hnyttinn og fróðlegur fyrirlestur með stuttum æfingum sem stuðla að gleði og ánægju. Hrefna Hugosdóttir, hjúkrunarfræðingur og eigandi Auðnast, flytur fróðlegan fyrirlestur með stuttum æfingum sem stuðla að gleði og ánægju.

28. október kl. 11:00

Skráningarkerfi framtíðarinnar: kynning á verkefninu Þarfagreining vegna arftaka Sarps 3

Í þessari málstofu **FJAR**skólans munu Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri og Cecilie Gaihede verkefnastjóri hjá Rekstrarfélagi Sarps kynna verkefni sem snýst um að vinna

þarfagreiningu fyrir arftaka Sarps 3, nýtt sameiginlegt skráningar- og umsýslukerfi. Verkefnið mun standa fram til næsta hausts. Inn í verkefnið fléttast umræða um mikilvægi þess að vanda til skráningar og hvort eigi að styðjast enn frekar við alþjóðlega staðla þegar kemur að skráningu og safnastarfinu í heild. Kevin Gosling, framkvæmdarstjóri Collections Trust í Bretlandi mun í þessu samhengi kynna Spectrum staðalinn og notkun hans í safnastarfinu.

4. nóvember kl. 11:00

Tilraunir til sjálfbærni í sýningagerð

Í þessari málstofu **FJAR**skólans mun Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar, flytja erindi um tilraunir til sjálfbærni í sýningagerð. Undir hennar stjórn hefur Hafnarborg markvisst unnið að því að minnka vistspor safnsins, við sýningagerð, í viðburðarstarfi og fleira. Ágústa mun segja frá reynslu safnsins af því að minnka sóun, verða umhverfisvænni og stuðla að sjálfbæru innra og ytra starfi.

11. nóvember kl. 11:00

Í kjölfar Kveiks: Varðveislumáls safnkosts

Í þessari síðustu málstofu **FJAR**skólans 2020 verður sjónum beint að varðveislumálum safnkosts. Þann 8. október sl. frumsýndi fréttaskýringarþátturinn Kveikur þátt sem bar yfirskriftina Íslensk menningarverðmæti í hættu. Rannsókn Kveiks sýndi að íslensk menningarverðmæti í nokkrum af stærstu söfnum landsins eru í hættu. Skv. umfjöllun Kveiks eru ómetanlegar þjóðargersemar geymdar þar sem ýmist er ekkert slökkvikerfi eða hætta er á vatnsflóði—nema hvort tveggja sé.

Þóra Sigurbjörnsdóttir, sérfræðingur hjá Hönnunarsafni Íslands, María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga og Sigurður Trausti Traustason, deildarstjóri hjá Listsafni Reykjavíkur munu skipa pallborð málstofunnar og fjalla um umfjöllun Kveiks og hvort og hvernig faglegt safnastarf í landinu getur nýtt sér þáttinn til framdráttar.

Á aðalfundi félagsins 2. október 2019 kom fram beiðni frá félagsmönnum að fastsetja farskólann nokkur ár fram í tímann. Stjórn félagsins brást við þeirri beiðni og setti sig í sambandi við félagsmenn og á fundi stjórnar 5. desember 2019 var samþykkt farskólar til ársins 2023:

- Farskóli *FÍSOS* 23.-25. september 2020 – Vestmannaeyjar (Breytt í **FJAR**skóla 20202 vegna Covid-19)
 - Farskólastjóri Hörður Baldvinsson
- Farskóli *FÍSOS* 15.-17. september 2021 – Stykkishólmur
 - Farskólastjóri Hjördís Pálsdóttir
- Farskóli *FÍSOS* 14.-16. september 2022 – Egilsstaðir/Fjarðabyggð
 - Farskólastjórn Elsa Guðný Björgvinsdóttir og Pétur Sörensson

- Farskóli *FÍSOS* september 2023 – ÚTLÖND
 - Ekki ákveðið hverjir skipa farskólanefnd.

Félagatal

Samkvæmt félagatali í október 2020 eru skráðir **328** félagar í *FÍSOS*, **296** einstaklingar og **32** stofnanir.

Póstlisti

Einungis skráðir félagsmenn/söfn eru á póstlista. Þá eru þar einungis **257** netföng sem tákna að um **71** félagsmenn eru ekki á póstlista *FÍSOS*. Stjórn *FÍSOS* hvetur félagsmenn til að uppfæra netfang sitt á póstlistanum til að vera vel upplýst/ur um það sem er í gangi hjá félaginu.


Heimasíða

Fréttir og tilkynningar frá stjórn félagsins hafa verið jafnt og þétt settar inn á síðuna. Þá eru fundargerðir stjórnar færðar inn á síðuna. Á starfsárinu var leitast leiða við að fá aðstoð við að gera lagfæringar á heimasíðunni. Er það verkefni næstu stjórnar að ákveða hvort eigi að fara í uppfærslu á síðunni.

Safnablaðið Kvistur

Á aðalfundi félagsins 2016 var samþykkt að félagið tæki að sér útgáfu safnablaðsins *Kvists*. Þáverandi stjórn *FÍSOS* taldi að áframhaldandi útgáfa blaðsins væri íslensku safnastarfi til framdráttar og gæti þar að auki nýst til að auka sýnileika félagsins og efla starf þess. Núverandi stjórn tekur undir það álit. Allur rekstur og útgáfa blaðsins er nú í umsjón *FÍSOS* og hefur verkefnið meðal annars aðskildan reikning í bókhaldi félagsins.

Styrkur fékkst úr safnasjóði árið 2020 fyrir útgáfu 7. tbl. *Kvists* að upphæð 700.000 kr. og með framlagi félagsgjalda sem og auglýsingatekna var útgáfa 7. tbl. tryggð. Blaðinu er dreift til þeirra félagsmanna sem greitt hafa félagsgjöld og þá er það einnig til sölu í **Bóksölu stúdenta** í Háskóla Íslands.



Þá er aðgangur að eldri tölublöðum á heimasíðusíðu félagsins og á timarit.is – þó ári eftir útgáfu.

Fulltrúi stjórnar í ritstjórn er Gunnþóra Halldórsdóttir en aðrir í ritstjórn eru: Þóra Sigurbjörnsdóttir, ritstjóri, Sigrún Kristjánsdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Ágústa

Kristófersdóttir og Ingunn Jónsdóttir.

Efst á baugi í 7. tölublaði *Kvists* er safnfræðsla safna á Íslandi:

- Fjallað um eftirtektarverð fræðsluverkefni sem eru í gangi, þróunarstarf sem komið er vel á veg og rannsóknir á safnfræðslu.
- Fjallað er um áhrif Covid 19 á safnastarf á Íslandi.
- Umfjöllun er um nýju safnaskilgreiningu alþjóðaráðs safna, ICOM, og viðtal við Jetta Sandahl.
- Íslensku safnaverðlaunin 2020.
- Sýningarrýni.
- Fréttir úr safnaheiminum, hér heima og erlendis.

Stjórn *FÍSOS* færir ritstjórn *Kvists* bestu þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag við að koma blaðinu út og í hendur félagsmanna.

Samfélagsmiðlar

FÍSOS heldur út fésbókarsíðu en fylgjendur hennar í dag eru **1001** (fjölgun um 122 á milli ára). Einnig heldur félagið utan um hóp á fésbókinni sem heitir *Safnmenn – FÍSOS félag íslenskra safna og safnmanna* þar sem félagsmenn eru hvattir til að deila viðburðum og öðru er viðkemur starfi safna. Í þeim hópi eru í dag **691** (fjölgun um 122 á milli ára) og er hópurinn opinn fyrir öllu áhugafólki um söfn og störf þeirra.

Safnasjóður

Félagið sótti um í safnasjóð í nóvember 2019 og fékk úthlutað styrkjum í eftirfarandi verkefni: **Samtals styrkveiting úr aðalúthlutun safnasjóðs 2020 = 4.000.000 kr.**

Verkefnastyrkir í kr.:

- Námskeið fyrir safnafólk á Norðurlandi: Varðveislu safngripa á sýningum með áherslu á uppsetningu þeirra fyrir safnafólk. – **500.000**
- Farskóli *FÍSOS* 2020 – Vestmannaeyjar – **1.800.000**
- Safnblaðið *Kvistur* – 7. tbl. – **700.000**
- Safnadagurinn 18. maí 2020 – **1.000.000**

Lagt var upp með að vinna öll þessi verkefni á árinu 2020. Áhrif heimsfaraldursins hefur þó sett strik í reikninginn er kom að halda námskeið fyrir safnafólk á Norðurlandi og hefur þurft að fresta því í tvígang. Í samráði við safnaráð er sá styrkur því færður yfir á árið 2021.

Endurmenntun – Námskeið um varðveislu safngripa á sýningum með áherslu á uppsetningu þeirra fyrir safnafólk – 15.11.2019

Stjórn FÍSOS í samstarfi við Nathalie Jacqueminet, forvörð, undirbjó endurmenntunarnámskeið fyrir safnafólk og var það haldið á Árbæjarsafni 15. nóvember 2019. Á námskeiðinu, sem var bæði bóklegt og verklegt, var farið yfir þau atriði sem hafa áhrif á varðveislu safngripa á sýningum, svo sem val sýningarskápa, efni í uppsetningu, raka- og hitastig, umhverfi, birtuskilyrði, hvaða gripir eiga saman o.s.frv. Kennt var að búa til einfaldar uppsetningar (montering) fyrir ólíka safngripi úr mismunandi efnum.



Leiðbeinendur voru eins og fyrir segir Nathalie Jacqueminet, forvörður og safnafræðingur ásamt Ingibjörgu Áskelsdóttur forverði og safnafræðingi. Námskeiðsgjaldið var 9.500 kr. og var hámarksfjöldi 12 manns. Námskeiðið var styrkt af safnsjóði, Borgarsögusafni Reykjavíkur og FÍSOS.

Endurmenntun – Samfélagsmiðlar sem virka!– 18.12.2019

FÍSOS sótti í safnasjóð árið 2017 styrk til að greina þær kynningarleiðir sem söfnum standa til boða og meta virkni þeirra með það að markmiði að söfn geti með markvissari hætti nýtt það fé sem ætlað er til kynningarmála. FÍSOS fór í samstarf við Íslandstofu um greiningu á efninu og vann Katarzyna Moi, sérfræðingur hjá Íslandsstofu, verkefnið. Félagsmenn fengu þessa greinagerð senda í pósti (október 2018) en hún er einnig aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Síðari hluti verkefnisins var að læra að beita þeim aðferðum sem koma fram í greinagerðinni og efndi því FÍSOS til dagsnámskeiðs í samstarfi við Hugsmiðjuna þann 18. desember 2019

sem bar yfirskriftina **Samfélagsmiðlun sem virkar**. Markmið námskeiðisins var að þátttakendur næðu forskoti með mikilli útbreiðslu og lægri kostnaði en með hefðbundinni markaðssetningu. Samfélagsmiðlarnir eru staðirnir – þar er fólk, þar eru tækifærin!

Leiðbeinandi var Margeir S. Ingólfsson hjá Hugsmiðjunni og fór námskeiðið fram í húsnaði Hugsmiðjunnar á Snorrabraut 56 í Reykjavík. Ekkert námskeiðsgjald var fyrir félagi í *FÍSOS* en skráning var bindandi. Hámarksfjöldi var 25 manns. Námskeiðið var styrkt af safnsjóði og *FÍSOS*.

Samfélagsverkefni – Söfn til framtíðar – 29.11.2019

FÍSOS tók þátt í verkefninu *Söfn til framtíðar* og lét þýða texta til birtingar á plakati þar sem söfn gátu lýst yfir stuðning við *Til framtíðar á föstudegi, mótmælum ungmenna við aðgerðarleysi í loftlagsmálum* þann 29.11.2019.



10 einfaldar aðgerðir sem söfn geta staðið fyrir til stuðnings Til framtíðar á föstudegi, mótmælum ungmenna við aðgerðarleysi í loftlagsmálum, þann 29. nóvember 2019



Flestar hugmyndirnar hér að neðan eru einfaldar í framkvæmd en krefjast þó einhvers undirbúnings. Sumar hugmyndirnar styðja við alheimsverkfallið (1-5), önnur hafa meira með söfnin sjálf að gera. (6-10). Veldu þá hugmynd sem hentar þér og þinni stofnun.

- 1. Þjóðið þeim sem taka þátt í verkfallinu á safnið.**
Salernisaðstaða, krana vatn og þægileg sæti eru mikilvæg fyrir þá sem taka þátt í verkfallinu.
- 2. Haltu barnaþing um sjálfbæra framtíð.**
Þá geta foreldrar tekið þátt í mótmælagaðgangnum.
- 3. Leggið til svæði fyrir kennslu, spjaldagerð, vinnustofur.**
Þjóðið skipuleggjendum fyrirfram vinnustofur og önnur herbergi safnsins til afnota
- 4. Taktu þátt í #ArtStrike #ListiVerkfalli #GripuriVerkfalli, settu einn safngrip í verkfall.**
Hérna eru [verkfæratasta](#) og frekari upplýsingar.
- 5. Skjalfestið og setjið upp sýningu um verkfallið.**
Skrásetjið heimildir um þessa stórmærkilegu hreyfingu fyrir komandi kynslóðir, ásamt þeim sem taka þátt í verkfallinu.
- 6. Segið sögu annarra ungra aðgerðasinna frá mismunandi tímum og stöðum.**
Setjið upp sýningu sem sýnir hvernig hreyfingar virka og hrinda af stað breytingum.
- 7. Seljið aðeins mat úr jurtaríkinu á veitingastað safnsins sem ræktaður er í nærumhverfinu.**
Það er gerlegt í einn dag. Og síðan annan. Og annan.
- 8. Gerið EINN þátt í rekstri safnsins sjálfbæran.**
Rafmagns- og hitanotkun, flutningar og umbúðir ... hvað sem er. Ef þú getur breytt einum hlut í hvert skipti sem það er verkfall, þá verður brátt allt grænna!
- 9. Hvetjið gesti til að nota almenningssamgöngur til að komast á safnið.**
Gefið nákvæmar leiðbeiningar og ekki gleyma að minna á þægindin.
- 10. Hættið að taka við peningum frá jarðefnaeldsneytisfyrirtækjum.**
Gerið áreiðanleikakönnun á styrktaraðilum safnsins; hafnið listþvotti og grænþvotti.

Við hvetjum allt safnafólk til að taka þátt í verkfallinu, og að forstöðumenn sýni stuðning sinn í verki. Takið myndir af aðgerðum ykkar og deilið þeim með myllumerkinu [#MuseumsForFuture](#) og [#SöfnTilFramtíðar](#) eða sendið tölvupóst á action@museumsforfuture.org.

Að endingu, ekki gleyma að [skrá ykkur til að fá fréttabréfið](#) sem er fullt af nýjum hugmyndum fyrir komandi verkföll og skráið ykkur líka á [Culture Declares](#). Ef safnið hefur þegar beitt einhverjum af þessum aðgerðum í sýningum, þjálfun starfsfólks, viðburðum, safnfræðslu, o.s.frv., [vinsamlegast takið þátt í þessari könnun](#). Takk fyrir!

Innlent samstarf

FÍSOS, ICOM og safnaráð – Hvað er safn? Nýja safnaskilgreining – Fundur 04.03.2020


Íslandsdeild ICOM, FÍSOS og safnaráð boðuðu til almenns fundar miðvikudaginn 4. mars kl. 9.30, í Sjóminjasafninu í Reykjavík, þar sem til umfjöllunnar var hin nýja safnaskilgreining ICOM. Fundinum var einnig streymt til félagsmenna sem höfðu ekki tæk á að koma á fundinn.

Hin nýja safnaskilgreining var kynnt á aðalfundi Alþjóðráðs safna sem haldinn var í Kyoto í september 2019. Niðurstaða fundarins var að fresta kosningu um skilgreininguna og kalla eftir frekari ábendingum frá félagsmönnum um innhald skilgreiningarinnar.

Jette Sandahl, formaður nefndar um hina nýja safnaskilgreiningu, þáði boð Íslandsdeildar ICOM, FÍSOS og safnaráðs að flytja erindi á fundinum og skýra út þá vinnu sem þegar hefur átt sér stað og hvert er markmið núverandi vinnuhóps um efnið. Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður ICOM, bauð gesti velkomna og sérstaklega Jette. Að loknu erindi Jette tóku við pallborðs-umræður en í pallborði sátu: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, doktorsnemi í safnafræði, Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, Margrét Hallgrímsson, þjóðminjavörður og Sigurjón Baldur Hafsteins-son, prófessor, safnafræði H.Í.. Fundarstjóri var Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Það var mikill fengur fyrir félagsmenn ICOM og FÍSOS að fá Jette til landsins og ræða um hvort og hvaða áhrif hin nýja skilgreining hefur á safnastarf á Íslandi. Einnig að koma með ábendingar og tillögur að úrbótum.

Fundurinn var vel sóttur en alls voru fundarmenn um 70 talsins og gerður góður rómur að erindi Jette. Þá sköpuðust einnig góðar og faglegar umræður og voru skiptar skoðanir um hina nýju skilgreiningu á meðal fundarmanna.



Það er afar mikilvægt fyrir FÍSOS að taka þátt í verkefnum líkt og þessu og þakkar stjórn FÍSOS Íslandsdeild ICOM og safnaráði kærlega fyrir gjöfult og faglegt samstarfs.

FÍSOS og ICOM - Safnadagurinn 2020 – Söfn eru jöfn: Fjölbreytni og þátttaka allra 2020 – 18.05.2020

Árið 2020 var í Safnadagurinn haldinn hér á landi í fimmta sinn þann 18. maí. Alheimsfaraldurinn setti þó strik í reikning í hátíðarhöldum í kringum safnadaginn þar sem söfn voru þá nýbúin að opna á nýjan leik eftir samkomubann. Íslensku safnaverðlaunin voru afhent þennan dag í Safnahúsinu við Hverfisgötu en fjallað er um þau sérstaklega hér síðar.

Íslandsdeild ICOM og FÍSOS hvöttu söfn á Íslandi til að taka þátt í alþjóðlega safnadeginum út frá þemanu *Söfn eru jöfn: Fjölbreytni og þátttaka allra 2020* **eingöngu** á samfélagsmiðlum vegna Covid19. Söfn voru hvött til að vera virk á samfélagsmiðlum þar sem þau deildu efni um söfnin og starf þeirra. Þátttakendur voru hvattir til að merka myndir og færslur með myllumerkjumum #safnadagurinn #söfnfyrirjafnrétti #MuseumDay #IMD2020 #Museums4Equality. Þá var færslum safna einnig deilt á samfélagsmiðlum FÍSOS og safnadagsins.

Kynningartexti fyrir Safnadaginn 2020 frá Íslandsdeild ICOM:

„Höfuðatriði samfélagslegs gildis safna er möguleikinn á því að bjóða fólki af ólíkum uppruna og með ólíkan bakgrunn að upplifa einstaka hluti. Söfn eru í senn virtar stofnanir og breytingaafli og nú er rétti tíminn til að þau sýni fram á mikilvægi sitt með því að taka þátt í pólitískum, samfélagslegum og menningarlegum veruleika nútíma samfélags með uppbyggilegum hæti.

Þær áskoranir sem þátttaka fjölbreytts hóps hefur í för með sér og þeir erfiðleikar sem fylgja því að fjalla um flókin samfélagsleg málefni í umhverfi þar sem klofningur eykst stöðugt eru ekki bundin við söfn og menningarstofnanir eingöngu en skipta þessar stofnanir þó miklu máli þar sem þær eru í hávegum hafðar í samfélaginu.

Sívaðandi væntingar um samfélagslegar breytingar hafa drifið áfram umræðuna um möguleika safna á að vera jákvætt samfélagsafl með því að halda sýningar, ráðstefnur, gjörninga og standa fyrir fræðsludagskrám og framtaksverkefnum. Hins vegar er mikið óunnið í þá átt að sigrast á meðvituðum og ómeðvituðum breytum sem geta skapað ójöfnuð innan safna, og á milli safna og gesta þeirra.

Slíkur ójöfnuður getur tekið til margra atriða; til dæmis þjóðernis, kyns, kynhneigðar og kynvitundar, félagslegs bakgrunns, menntunarstigs, líkamlegrar getu, stjórnmálaskoðana og trúarbragða.

Undir yfirskriftinni „*Söfn eru jöfn: Fjölbreytni og þátttaka allra*“, leitast Alþjóðlegi safnadagurinn 2020 við að verða sameinandi afl sem í senn fagnar þeim ólíku sjónarmiðum

sem finna má í samfélögum og starfsliði safna, og leitast við að koma auga á og sigrast á hvers konar slagsíðu í því sem sýnt er og þeim sögum sem þar eru sagðar.“

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí af *International Council of Museums (ICOM)*. Þátttakendur eru um 40.000 söfn í 140 löndum. Söfn um allan heim skipuleggja dagskrá þann dag, helgina eða jafnvel vikuna alla sem 18. maí ber upp á og hefur það verið gert öll árin síðan 1977.

Félögin tvö nýttu daginn til að kynna safnastarf á Íslandi með öflugum hætti.

LESUM – Gefið var út fjórblöðungur sem fylgdi Fréttablaðinu **16.05.2020** þar sem áhersla var á þau söfn sem tilnefnd voru til Íslensku safnaverðlaunanna 2020.

HLUSTUM – Samlesnar auglýsingar á RÚV á rás1 og rás2.

NOTUM MYLLUMERKIN! –
Samfélagsmiðlar #söfnfyrirjafnrétti
#MuseumDay #IMD2020
#Museums4Equality

Við hvetjum félaga til að merkja inn á dagatalið hjá sér **Safnadaginn 18. maí 2021** sem ber þá upp á þriðjudegi.

FÍSOS og ICOM – Íslensku safnaverðlaunin 2020

Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna, *ICOM*, og *FÍSOS* standa saman að *Íslensku safnaverðlauninum* sem er viðurkenning veitt annað hvert ár íslensku safni fyrir framúrskarandi starfsemi, en fyrstu verðlaunin voru afhent árið 2000. Félögin óskaðu eftir ábendingum frá almenningi, stofnunum og félagasamtökum um safn eða einstök verkefni á starfssviði safna sem þóttu til eftirbreytni og íslensku safnastarfi til framdráttar. Það er skemmst frá því að segja að valnefndinni bárust 47 tilnefningar til 34 verkefna þar sem a.m.k. 21 safn kom við sögu ásamt fleiri stofnunum og samstarfsaðilum.

Valnefnd safnaverðlaunanna tók við tilnefningunum og tilnefndi fimm verkefni. Valnefndina skipuðu: Inga Jónsdóttir, formaður og fyrrverandi forstöðumaður Listasafn Árnesinga, Jón Jónsson, þjóðfræðingur, Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa, Hjörtur Þorbjörnsson forstöðumaður Grasagarðs Reykjavíkur, Sigrún Ásta Jónsdóttir, sérfræðingur



Gljúfrasteini og Hanna Rósa Sveinsdóttir, sérfræðingur Minjasafninu á Akureyri.
Tilnefningarnar voru kunngjörðar þann 4. maí 2020.



TILNEFNINGAR DÓMNEFNDAR Í STAFRÓFSRÖÐ:

Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi

Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum, Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði og Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði ásamt Gunnarsstofnun, menningar- og fræðasetri á Skriðuklaustri í Fljótsdal.

Þessi þrjú söfn ásamt Gunnarsstofnun leiddu þetta samstarfsverkefni í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands, en alls tóku níu mennta-, menningar- og rannsóknarstofnanir á Austurlandi þátt í verkefninu. Þar var frumlegum aðferðum beitt til að skoða og skapa umræðu um hugtökin fullveldi og sjálfbærni út frá aðstæðum barna þá og nú. Kjarninn var fjórskipt sýning, sem sett var upp á þessum söfnum og Gunnarsstofnun. Á hverjum stað voru tvö börn í forgrunni, annars vegar barn frá árinu 1918 og hins vegar barn af sama kyni og á sama aldri árið 2018. Aðstæðum þessara barna var lýst í fyrstu persónu frásögnum þar sem komið var inn á mismunandi málefni sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, s.s. fátækt, hungur, heilsu, menntun, jafnrétti, aðgang að vatni, sjálfbæra orku, atvinnumöguleika og nýsköpun. Sögurnar voru frumsamdar en byggðar á heimildum um aðstæður barna þá og nú. Frásagnirnar voru myndskreyttar með ljósmyndum, annars vegar af barni í nútímanum og hins vegar af þessu sama barni í „fortíðinni“. Til að ná fram einkennum gamalla ljósmynda var myndin af barninu í fortíðinni tekin með gömlum ljósmyndatækjum frá Eyjólfi Jónssyni ljósmyndara frá Seyðisfirði, sem varðveitt eru í Tækniminjasafni

Austurlands. Einnig voru til sýnis gripir úr safnkosti hvers safns og gripir úr nútímanum sem tengdust umfjöllunarefnunum og voru gestir hvattir til að líta í eigin barm og spegla eigin aðstæður við aðstæður barnanna og heimsmarkmiðin. Einfaldleiki og sjálfbærni voru höfð að leiðarljósi við hönnun sýningarinnar og á vef verkefnisins má nálgast ýmis fræðsluverkefni sem tengdust sýningunni.

Auk fyrrgreindra safna komu eftirtaldar stofnanir að verkefninu: Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Skólaskrifstofa Austurlands, Landgræðsla ríkisins og Menntaskólinn á Egilsstöðum en verkefnið var leitt af Austurbrú og verkefnisstjóri var Elva Hlín Pétursdóttir fyrrum safnstjóri Minjasafns Austurlands.

Mat valnefndar er að samstarf austfirsku safnanna í verkefninu Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi, sé til fordæmisgefandi um hvernig söfn af hvaða stærðargráðu sem er geta gert sig gildandi í samfélagsumræðunni og verið leiðandi í samstarfi við fleiri stofnanir. Sýningin tók á knýjandi málefnum samtímans, tengdi safnkost við samfélagið þá, nú og í náinni framtíð með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.

Fiskur & fólk – sjósókn í 150 ár – ný grunnsýning Sjóminjasafns Bogarsögusafns Reykjavíkur og aðkoma tveggja hollvinasamtaka, Óðins og Magna.

Ný grunnsýning Sjóminjasafnsins í Reykjavík er eitt af stærstu verkefnum Borgarsögusafns Reykjavíkur, sem varð til árið 2014 með sameiningu sögusafna borgarinnar undir einn hatt. Unnið var að gerð sýningarinnar allt frá þeim tíma uns hún var opnuð 8. júní 2018. Gildi fisksins fyrir afkomu Íslendinga verður seint ofmetið, en hann hefur verið mikilvægur hluti af íslensku mataræði um aldir og ein verðmætasta útflutningsvara þjóðarinnar. Í hugmyndavinnu fyrir sýninguna var leitað til fjölmargra sérfræðinga á ýmsum sviðum s.s. fiskifræðinga, umhverfisfræðinga og rithöfunda, auk sérfræðinga safnsins. Í undirbúningsvinnunni var lögð áhersla á að greina markhópa og þeirri nýjung beitt að fá þá til að svara spurningum um hvað þeir vildu sjá. Hönnun sýningarinnar var í höndum Kossmann.dejong sem er hollenskt fyrirtæki sem starfar á alþjóðavettvangi. Sýningin er byggð í kringum fiskinn sjálfan þar sem honum er fylgt eftir úr hafinu í netið, um borð í bátinn, að landi, í gegnum vinnslu og loks á diskinn. Sýningin spannar sögu fiskveiða á Íslandi, frá því að árabátarnir viku fyrir stórskipaútgerð á síðustu áratugum 19. aldar og allt fram yfir aldamótin 2000. Hún sýnir breidd atvinnuvegarins, hve margir koma að honum með einu eða öðru móti, sjómenn, fiskverkafólk í landi, makar, börn, söluaðilar og neytendur, vísindafólk og stjórnámálamenn. Allir leggja sitt af mörkum og einnig þeir sem vinna að því að finna leiðir til að nýta veiðina sem best, svo sem roð, bein og annað sem nýta má. Þetta er umfangsmikil sýning, sett fram á lifandi og gagnvirkan hátt með gripum, textum, myndum og leikjum. Sagan er sögð frá sjónarhóli útgerðarbæjarins Reykjavíkur og umgjörð sýningarinnar í Sjóminjasafninu við Grandagarð er viðeigandi, því safnhúsið sjálft hýsti áður blómlega fiskvinnslu.

Samstarf Sjóminjasafnsins við Hollvinasamtök varðskipsins Óðins og dráttarbátsins Magna er ein birtingarmynd af mörgum hvernig safnið er í góðum gagnkvæmum tengslum við það samfélag sem það starfar í og þjónar.

Mat valnefndar er að sýningin Fiskur & fólk í Sjóminjasafni Borgarsögusafns Reykjavíkur höfði til fjölbreytts hóps gesta, jafnt þeirra sem vel þekkja til og þeirra sem lítið þekkja til sjósóknar. Sýningin miðlar sögunni á fræðandi, lifandi, gagnvirkan og skemmtilegan hátt. Aðferðafræðinvið gerð sýningarinnar og hið umfangsmikla tengslanet sem virkjað var, er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.

2019 – ár listar í almannarými hjá Listasafni Reykjavíkur

Með verkefninu *2019 – ár listar í almannarými* beindi Listasafn Reykjavíkur sjónum að gildi listar fyrir mannlíf og ásýnd umhverfisins og þar með starfsemi safnsins utan veggja þess, en alls hefur safnið umsjón með 182 útilistaverkum. Verkefnið snýr að mörgum sviðum safnastarfs svo sem forvörslu og viðhaldi, sýningum og viðburðum, tækniframförum og orðræðu um list í almannarými. Ásmundarsafn, eitt þriggja húsa Listasafns Reykjavíkur er

sterklega tengt útilistaverkum þar sem Ásmundur Sveinsson er höfundur höggmynda sem standa á yfir 20 áberandi stöðum í borgarlandslaginu og víða á landsbyggðinni.

Verkefnið hófst með sýningu á Kjarvalsstöðum á innsendum tillögum að útilistaverki í Vogabyggð þar sem vinningstillagan, Pálmatré eftir listamanninn Karen Sanders var kynnt. Vikulega var útilistaverk valið til kynningar á samfélagsmiðlum safnsins. Snemma árs var nýtt smáforrit (app) tekið í notkun sem miðlar upplýsingum um útilistaverk í umsjá Listasafns Reykjavíkur. Hægt er að hlaða því niður í síma og sækja hljóðleiðsagnir, gönguleiðir sem hægt er að njóta hvort heldur gangandi eða hjólandi og einnig er boðið upp á leiki. Efnt var til sýningaraðar í Ásmundarsafni þar sem fimm listamönnum, sem eiga það sameiginlegt að eiga listaverk í almenningssými, var boðið að sýna samhliða sýningu á listaverkum Ásmundar. Um vorið var efnt til þriggja málþinga; Hvað er almannarými?, Deilur um list í almannarými og Þróun og framtíð listar í almannarými. Í byrjun sumars var verið Tákni eftir Steinunni Þórarinsdóttur afhjúpað á þaki Arnarhvals þar sem það mun standa tímabundið. Í september var sýningin Haustlaukar opnuð þar sem verk fimm myndlistarmanna birtust á fjölbreyttan og nýstárlegan hátt víða um Reykjavík. Í stað efnislegra skúlptúra, minnisvarða eða varanlegra umhverfisverka var sjónum beint að verkum sem eru unnin í óáþreifanlegt efni og í því sameiginlega rými sem tækni samtímans býður upp á. Viðfangsefnin tengdust málefnum líðandi stundar svo sem sítengingu, núvitund, umhverfismálum, valdi, eignarhaldi og mörkum einka- og almannarýmis. Í nóvember var síðan efnt til ráðstefnu í samvinnu við Hafnarborg og Rannsóknarsetur í safnafræðum undir yfirskriftinni List í almannarými: þýðing og uppspretta. Yfir árið voru mörg útilistaverk yfirfarin, forvarin og lagfærð. Þar má nefna Fyssu eftir Rúrí sem var endurvígð eftir langt hlé, Friðarsúlu Yoko Ono, Íslandsvita Parmiggani og Hvítu fiðrildin eftir Ásmund Sveinsson.

Mat valnefndar er að 2019 – Ár listar í almannarými hjá Listasafni Reykjavíkur hafi verið fjölbreytt og það vakti athygli á listinni í daglegu umhverfi utan veggja safnsins. Verkefnið náði til áþreifanlegra sem og óáþreifanlegra verka. Miðlunin var bæði hefðbundin og nýstárleg þar sem samfélagsmiðlar voru nýttir og tækninýjungar virkjaðar. Verkefnið er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.

Vatnið í náttúru Íslands – ný grunnsýning Náttúruminjasafns Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Þann 1. desember 2018 urðu þau tímamót að opnuð var fyrsta grunnsýning þess, VATNIÐ í náttúru Íslands, 11 árum eftir stofnun þessa höfuðsafns. Þar er fjallað um vatn frá ýmsum hliðum, um efna- og eðlisþætti þess, gerð og eðli vatnsauðlindarinnar, hlutverk vatns við mótun lands og uppbyggingu og fjölbreytileika vatnalífriks, frá jurtum, örverum og dýrum til heilla vistkerfa. Sýningunni er ætlað að vekja áhuga og virðingu fyrir vatni, kynna leyndardóma vatnsins og mikilvægi þess fyrir farsæla framtíð og búsetu í landinu. Á sýningunni eru lifandi dýr og plöntur. Áhersla er lögð á gagnvirka miðlun og virka þátttöku gesta. Þar er miðlað hvernig vatn er undirstaða lífsins og hve fjölbreytt ásýnd vatns á Íslandi er, kalt grunnvatn og heitir hverir, stöðuvötn og straumvötn, mýrlendi margs konar og urmull fossa og flúða. Í boði er að skoða hulinn lífheim vatnsins, smásæ dýr og plöntur og læra um þróun þeirra og hlutverk í vistkerfinu.

Einnig er hægt að uppgötva fjölbreytt vistkerfi ferskvatns, vatnadýr og vatnaplöntur, fengsælar laxveiðiar og heimsfræg fuglavötn. Fyrir þrjár margmiðlunarstöðvar á sýningunni hlaut margmiðlunarfyrirtækið Gagarín ein virtustu verðlaun á sviði hönnunar og nýsköpunar, The Red Dot, Best of the best, í flokknum viðmótshönnun og notendaupplifun. Verðlaunuðu margmiðlunarstöðvarnar eru ólíkar en veita upplifun og sýn inn í þessa mikilvægu auðlind sem vatnið er, en þær eru: Fossar, myndrænn hljóðskúlptúr þar sem 773 fossanöfn á Íslandi steypast niður í háum fossi, Rennslismælar, gagnvirk stöð sem sýnir rauntímarennsli í 18 mismunandi ám á Íslandi sem Veðurstofa Íslands vaktar og Vistrýnir, gagnvirk stöð þar sem gestir geta kannað lífríki í níu gerðum votlendis á Íslandi.

Mat valnefndar er að sýning Náttúruminjasafns Íslands, Vatnið í náttúru Íslands, höfði til fjölbreytts hóps gesta á ólíkum aldri þar sem mikilvægri þekkingu á sviði safnsins er miðlað til þeirra á forvitnilegan, faglegan og gagnvirkan hátt. Það er mikilvægt að höfuðsafn á sviði náttúruminja sé sýnilegt almenningi. Grunnsýningin er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.

Varðveislu- og rannsóknamiðstöðvar Þjóðminjasafns Íslands ásamt Handbók um varðveislu safnkosts

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði menningarminja og leiðandi á sínu sviði. Þar er varðveittur ómetanlegur minjauður þjóðarinnar, sem er í senn kveikja þekkingar og nýsköpunar. Rannsókn- og varðveislusvið safnsins hefur aukið þekkingu safnmanna á fyrirbyggjandi þáttum forvörslu og mikilvægi réttar meðhöndlunar safngripa. Einn liður í því

er útgáfa *Handbókar um varðveislu safnkosts*, í tveimur bindum, sem gefin er út af Þjóðminjasafninu í samvinnu höfuðsafnanna þriggja ásamt Þjóðskjalasafni Íslands og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Handbókin er afrakstur sérfræðinga þessara stofnana á sviði varðveislu undir ritstjórn Nathalie Jacqueminet, forvarðar. Markmiðið með útgáfunni er að gera grunnþekkingu á varðveislu safngripa aðgengilega, útskýra í stuttu máli orsakir þess að þeir geti skemmt og orðið fyrir niðurbroti og veita ráðgjöf um hvernig hægt er að koma í veg fyrir að þeir verði fyrir frekari skemmdum. Síðara bindið var gefið út 15. mars 2018 og er aðgengilegt á vefsíðu Þjóðminjasafnsins líkt og fyrra bindið.

Þann 9. desember 2019 var ný varðveislu- og rannsóknamiðstöð Þjóðminjasafns Íslands vígð í Hafnarfirði. Með tilkomu hennar og flutning munasafnsins frá Kópavogi var jafnframt hægt að bæta aðbúnað og varðveisluskilyrði Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni sem var áfram til húsa í Kópavogi. Við flutninginn voru tæknimínjar grisjaðar á faglegum forsendum og var m.a. mörgum tækjum komið í umsjá byggðasafna, einkasafna og til einstaklinga. Nýja miðstöðin í Hafnarfirði er innréttuð sérstaklega til þess að tryggja kjöraðstæður fyrir þær mínjar sem Þjóðminjasafni Íslands er falið að varðveita. Efni í safngripum eru mjög fjölbreytt, ýmist lífræn eða ólífræn og yfirleitt eru gripir samsettir úr fleiri en einu efni. Efni hafa mismunandi efnafræðileg einkenni og svörun gagnvart umhverfi sínu. Þau eldast mishratt og á mismunandi hátt, sem gerir það að verkum að erfitt getur verið að skapa fullkomið umhverfi til að tryggja stöðugleika gripa en fagleg meðferð og forvarsla stuðlar að vandaðri varðveislu oft viðkvæmra muna. Í miðstöðinni er mjög góð aðstaða fyrir móttöku gripa, skráningu, verkstæði til forvörslu og sérhæfðar varðveisludeildir þar sem markvissri stýringu hita, raka og birtu er beitt. Rými til rannsókna er stórbætt þar sem fræðimenn, nemendur, aðrir einstaklingar og hópar geta fengið aðstöðu til að nýta safnkostinn í verkefnum sínum. Þjóðminjasafn Íslands hefur tekið framfaraskref til framtíðar í varðveislumálum sem eru öðrum söfnum til fyrirmyndar, en góð varðveisla er forsenda þess að framtíðin þekki auð fortíðar og geti nýtt sér hann.

Mat valnefndar er að varðveislu- og rannsóknarsetur Þjóðminjasafns Íslands í Hafnarfirði og Kópavogi ásamt Handbók um varðveislu safnkosts sé mikilvægt framlag til minjaverndar á landsvísu. Samstarf og miðlun þekkingar er þýðingarmikið og sú sérhæfða aðstaða sem sköpuð hefur verið fyrir varðveislu ómetanlegra minja er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti *Íslensku safnaverðlaunin 2020* við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu mánudaginn 18. maí kl. 16.00. **Þjóðminjasafn Íslands** hlaut verðlaunin fyrir **varðveislu- og rannsóknarsetur í Hafnarfirði og Kópavogi** ásamt **Handbók um varðveislu safnskosts**. Var það mat valnefndar að þessi verkefni séu mikilvægt framlag til minjaverndar á landsvísu. Samstarf og miðlun þekkingar er þýðingarmikið og sú sérhæfða aðstaða sem sköpuð hefur verið fyrir varðveislu ómetanlegra minja er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.



Athöfnina sóttu ásamt forseta Íslands Lilja Alfreðsdóttir, mennta- menningarmálaráðherra og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, ásamt fulltrúum stjórna *ICOM* og *FÍSOS* og fulltrúum tilnefndra safna. Þar sem í gildi voru samkomutakmarkanir vegna Covid 19 sóttu einungis 50 manns athöfnina en henni var streymt í rauntíma á samfélagsmiðlum.

FÍSOS óskar Þjóðminjasafni Íslands innilega til hamingju með verðlaunin og öllum tilnefndum söfnum til hamingju með tilnefninguna. Þá þakkar *FÍSOS* við einnig valnefnd safnaverðlaunanna kærlega fyrir vel unnin störf og Íslandsdeild alþjóðaráði safna, *ICOM*, kærlega fyrir ánægjulegt samstarf.

FÍSOS, ICOM og safnaráð – Áhrif Covid19 á safnastarfi í landinu – Könnun og skýrsla.

FÍSOS, Íslandsdeild *ICOM* og safnaráð stóðu fyrir könnun á meðal safnstjóra viðurkenndra safna og ríkissafna í maí og júní 2020. Könnunin var um áhrif heimsfaraldurs COVID-19 á safnastarf á Íslandi og var hún jafnframt unnin í samstarfi við höfuðsöfnin þrjú.

Markmiðið var að kalla eftir upplýsingum um þær áskoranir sem söfn stóðu skyndilega frammi fyrir og kanna líðan starfsfólks. Þá vildi safnaráð afla upplýsinga um rekstur safnanna, afla gagna fyrir ráðið og samstarfsaðila svo unnt væri að finna lausnir og auka stuðning við söfn. Auk þess var markmið að veita upplýsingum til viðeigandi hagsmunaaðila, ríkisstofnana og annarra stofnana.

Alls svöruðu 48 söfn könnuninni, 43 að öllu leyti og 5 að einhverju leyti, en svör allra þátttakenda voru nýtt. Niðurstöður könnunarinnar voru tekin saman í skýrslu sem nú er komin út, „*Áhrif COVID-19 á safnastarf á Íslandi*“. Höfundar skýrslunnar eru Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður *ICOM* á Íslandi, Helga Maureen Gylfadóttir, formaður *FÍSOS* og Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.

Ljóst er að áhrifanna gætir víða, tekjur af erlendum ferðamönnum, sem að jafnaði halda uppi sértekjum mjög margra safna á Íslandi, dróst nær algerlega saman, en erlendir ferðamenn eru um 62% af gestum safnanna. Auk samdráttar í tekjum, þurftu söfn að glíma við lokanir, breytingar á áætlunum og starfshögum og jafnvel fækkun starfsfólks.

Enn sér ekki fyrir endann á áhrifum COVID-19 en áætlað er að fylgja eftir þessari könnun veturinn 2020/2021, þar sem skoðuð verður raunstaða ársins 2020 og hvernig næstu misseri leggjast í safnafólk.



Samstarf RÚV og FÍSOS – Sumarmál sumarið 2020 og samlesnar auglýsingar

Sumarið 2018 og 2019 var FÍSOS í samstarfi við þáttinn *Sumarmál* á Rás 1 þar sem fjallað var um eitt safn einu sinni í viku yfir sumartímann. Stjórn FÍSOS hafði samband við umsjónarmenn þáttarins nú í júní 2020 og var ákveðið að endurtaka leikinn. Stjórn FÍSOS fór þess á leit við þau að hafa umfjöllun tvisvar í viku vegna áhrifa Covid19 á menningar- og ferðaþjónustumál í landinu. Dagskráliður **Safn vikunnar** var því á þriðjudögum og fimmtudögum frá 30. júní til 6. ágúst og tóku eftirtalin söfn þátt í verkefninu: Minjasafnið á Akureyri, Árbæjarsafn, Listasafn Íslands, Byggðasafn Árnesinga, Minjasafnið á Burstafelli, Síldarminjasafn Íslands, Flugsafn Íslands, Smámunasafn Sverrir Hermannssonar, Listasafn Einars Jónssonar, Skógasafn, Minjasafn Austurlands og Listasafn Reykjavíkur. Þáttarstjórnendur voru afar ánægð með framlag félagsmanna til verkefnisins og er von á því að því verði framhaldið næsta sumar.

Undanfarin ár þá hefur FÍSOS í samvinnu við auglýsingardeild RÚV staðið fyrir sameiginlegu kynningarátaki safna með samlesnum auglýsingum á útvarpsrásum 1og 2 hjá Ríkisútvarpinu. Var sami háttur á og fyrri ár.

Erlent samstarf

NEMO - *Network of European Museum Organisation.*

Dagana 7. – 10. nóvember 2019 sóttu Hjörtur Þorbjörnsson og Vasarè Rastonis, fyrir hönd stjórnar FÍSOS, aðalfund og árlega ráðstefnu á vegum NEMO í Tartu í Eistlandi. NEMO heldur þessar ráðstefnu árlega og var þetta í 27. sinn sem hún var haldinn. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Museums 2030 – Sharing recipes for a better future* eða *Söfn 2030 – Deilum uppskriftum að betri framtíð*.

Síðan Covid19 reið yfir heimsbyggðina þá hefur NEMO staðið fyrir ýmsum könnunum um áhrif COVID19 á safnastarf í Evrópu og óskað eftir þátttöku Íslands í þeim könnunum. Stjórn FÍSOS hefur hvatt félagsmenn til að taka þátt í þessum könnunum því það er mikilvægt að sjá hve áhrifin hérlandis eru miðaða við í Evrópu. Stjórn FÍSOS hefur einnig sent skrifstofu NEMO upplýsingar um samkomutakmarkanir hér á landið á árinu 2020 sem þau færa inn á lífandi kort af Evrópu sem sýnir opnanir og lokanir safna.

Uppbyggingasjóður EES – Rúmenía og FÍSOS – *Sinele. Muzeul în continuă transformare/ 5 rings*

Stjórn FÍSOS samþykkti að ganga til formlegs samstarf við Dragos Neamu hjá Noaptea Muzeelor și Museums Meet Museums í Rúmeníu í apríl 2019 og var gengið frá umsókninni í EES sjóðinn í júní 2020. Dragos hefur setið í stjórn NEMO og óskað eftir samstarfssafni á Íslandi fyrir styrkumsókn í EES. Stjórn FÍSOS sendi erindi hans á safnlistann en ekkert safn hafði tök á að taka þátt. Því varð úr að FÍSOS gerðist samstarfsaðili að verkefninu.

Lýsing Dragos á verkefninu: „Basically, we have an old Water Tower, a heritage site, which will be transformed by us, together, in a museum according to the vision we designed. The tower is named for now the Art Castle. Each ring will have a thematic exhibition and a common issue for all of them - WATER. We will have also a collaborative space for meeting, innovation and experiment, an online Creative studio cafeteria and art-shop. The management of this museum will be an entrepreneurial one because it is an eligibility condition. It will be a creative museum, which will bet on the relation with the creative eco-system, relevant for the community, with a strong digital and techs agenda. “

Þátttaka FÍSOS felst í því að taka á móti sendinefnd frá Rúmeníu og sýna þeim söfn og sýningar á Íslandi. Einnig að heimsækja safnið í Rúmeníu tvisar og taka þátt í hugmyndavinnu vegna stofnunar hins nýja safns. Ráðgert er að verkefnið verið unnið á árinu 2021. Fjárhagslegur kostnaður FÍSOS við þátttöku í verkefninu er enginn.

NAME - Nordic Association for Museum Education

NAME er norrænt tengslanet fyrir starfsmenn og sérfræðinga fræðslu á söfnum og menningarstofnunum. NAME samanstendur af fimm norrænum félögum: FÍSOS, SFF (Noregur), FUISM (Svíþjóð), Pedaali (Finnland) og MiD (Danmörk). FÍSOS hefur tekið virkan þátt í tengslanetinu frá byrjun árs 2015.

NAME fékk ekki styrk sem það sóttist eftir til að halda verkefninu áfram árið 2018. Verkefnið hefur því verið í biðstöðu síðan þá.

Að endingu

Á bakka Varmár er stærðar bjarg þar sem áin rennur flesta daga lygn og falleg. Bjargið er listaverk eftir myndhöggvarann Matthías Rúnar Sigurðsson, sem hefur höggvið út stól í bjargið sem snýr í hásuður. Í honum geta allir setið og notið kyrrðar og fallegs útsýnis yfir ána. Hugmyndin, sem Elísabet Jökulsdóttir kynnti fyrir bæjaryfirvöldum Hveragerðisbæjar árið 2016, er að stóllinn sé til að minna okkur á að líkt og áin líður hjá, þá munu þau vandamál sem oft á tíðum virðast óyfistíganleg einnig líða hjá.

Árið 2020 hefur fært okkur gríðarlega erfitt verkefni að vinna úr, farsótt sem hefur heltekið heimsbyggðina. Covid-19 hefur reynst starfsemi safna, sem og annarri menningartengdri starfsemi, óþægur ljár í þúfu. Reglur um samkomutakmarkanir, gríðarleg fækkun erlendra ferðamanna og lokanir þekkjum við öll. *FÍSOS*, *ICOM* á Íslandi og safnaráð hafa saman lagst á árar og lögðu fyrir stjórnendur viðkenndra safna könnun í apríl um áhrif Covid-19 á safnastarf í landinu. Niðurstöður sýna að farsóttin hefur mikil áhrif er kemur að áætlun um fjölda gesta og tekjuáætlunum, hún hefur víða orsakað mikla rekstrarerfiðleika og áframhaldandi óvissa er í kortunum. Nauðsynlegt er að endurtaka könnunina í lok árs og sjá þá svart á hvítu raunstöðu viðurkenndra safna á Íslandi.

Þrátt fyrir þessi áföll hafa félagar í *FÍSOS*, sem starfa á söfnum, setrum og sýningum landsins, sýnt að þó skellt hafi verið í lás þá stóðu allar dyr opnar þeim sem vildu fá að vita meira um starfsemi safna og þann mikla fjársjóð sem felst í safnkostinum. Nýjar leiðir í miðlun voru nýttar, e.o. sýningar á listaverkum í gluggum safna eða að blásið var til safnabingós! Stafræn miðlun jókst til muna þar sem safnkosturinn var óspart nýttur til að vekja athygli á starfseminni með góðum árangri. Beinar útsendingar frá viðburðum sem var streymt eða allskyns myndböndum um söfnin stóðu landsmönnum sem og heiminum öllum til boða. Skráning safnkosts jókst einnig til muna sem og viðhald og viðgerðir á safnhúsum og sýningum.

Svo kom sumar. Á ferð um landið voru heimamenn í meirihluta og voru þeir duglegir við að sækja menningartengda þjónustu. Viðburðir voru aðlagðir að sóttvarnartakmörkunum með góðum árangri. Félagar í *FÍSOS* hafa í gegnum árin rætt um hve erfiðlega hefur gengið að auka heimsóknir heimamanna á söfn og þó svo að það hafi þurft heimsfaraldur til þess, þá er von nú um að söfnin hafi stimplað sig rækilega inn hjá heimamönnum.

Og nú er komið haust. Ljóst er að farsóttin hefur ekki sungið sitt síðasta og enn þurfum við að aðlaga okkur að breyttum aðstæðum. En gleymum því ekki að söfn eru og eiga að vera varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings, samkvæmt laganna bókstaf. Ágjöf sem þessi má ekki og á ekki að slá okkur út af laginu. Mikilvægast á þessum tímapunkti er að tala saman, styrkja tengslanetið og leita ráða hjá hvert öðru. Sköpunarkrafturinn og hugmyndaauði sem býr í félögum *FÍSOS* er ómetanlegur.

Tökumst á við komandi vetur með bjartsýnina að vopni og umhyggju fyrir hvort öðru. Við erum öll í þessu saman, við erum öll almannavarnir.

Ekki gleyma að anda.

Þetta líður hjá ...

Að lokum þakka ég félagsmönnum gott og gefandi samstarf á liðnu starfsári um leið og ég óska nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

Helga Maureen Gylfadóttir,
Reykjavík, 6.12.2020.

Í stjórn félagsins sitja:
Formaður: Helga Maureen, Borgarsögusafn Reykjavíkur.
Varaformaður: Gunnþóra Halldórsdóttir, Kvikmyndasafn Ísland..
Gjaldkeri: Jón Allansson, Byggðasafnið á Görðum.
Ritari: Ingibjörg Áskelsdóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur.
Meðstjórnandi: Ásdís Þórhallsdóttir, Listasafn Reykjavíkur.
Varamenn: Sigríður Þorgeirsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands og Hjörtur Þorbjörnsson, Grasagarður Reykjavíkur.